

Innheimtuaðilar sem eru undanþegnir skilaskyldu af allri innheimtu fjármagnstekjuskatts af fjármagnstekjum einstaklinga

Innheimtuaðili sem undanþeginn er skyldu til að skila staðgreiðslu af fjármagnstekjuskatti, þar sem hann hefur að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga, ber ekki að halda eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra sem hann innheimtir fyrir, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og eyðublað RSK 5.30. Þess í stað ber honum árlega að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem hann hefur innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ef þér óskið ekki lengur eftir því að vera á lista yfir þá sem eru undanþegnir skyldu til að skila staðgreiðslu af fjármagnstekjuskatti samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 94/1996, þá vinsamlegast sendið embætti ríkisskattstjóra bréf þess efnis.

Leiðbeiningar við útfyllingu eyðublaðsins

- **Fjármagnseigandi**

Gerð skal grein fyrir nafni og kennitölu eiganda kröfu þeirrar sem vaxtatekjur hafa verið innheimtar af.

- **Fjárhæð vaxtatekna**

Tilgreina skal heildarfjárhæð innheimtra vaxtatekna f.h. fjármagnseiganda.

- **Tegund vaxtatekna**

Gerð skal grein fyrir tegund þeirra vaxtatekna sem um ræðir, þ.e. hvort um er að ræða dráttarvexti, vexti af skuldabréfum, víxlum, verðbréfum eða öðrum kröfum.